

Flóknari áskoranir í öryggismálum

Þjóðaröryggisráð hefur bent á að ógnir og aðrar áskoranir í öryggismálum eru síbreytilegar og flóknari en áður.

Í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland er m.a. lögð áhersla á að tryggja lýðræðislegt stjórnarfar og á virðingu fyrir lýðræðislegum gildum og mannréttindum, efla stafrænt fullveldi og net- og upplýsingaöryggi á öllum sviðum.

Opin upplýst lýðræðisleg umræða er grundvallarþáttur í lýðræðislegri stjórnskipan.

Meðal áskorana og ógna við stjórnkerfi og lýðræði má nefna undirróðursherferðir, dreifingu falsfrétta, íhlutun í kosningar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvarðanatöku yfirvalda og grafa undan trúverðugleika og trausti í samfélaginu. Þó að herferðir upplýsingafölsunar og falsfréttir séu alþekktar í sögunni eru dreifiaðferðirnar flóknari og hraðari nú en áður.

Helsta mótvægisáðgerð stjórnvalda felst í tímabærri og áreiðanlegri almennri upplýsingagjöf. Það að standa vörð um opna upplýsta lýðræðislega umræðu þarf að byggjast á virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, en ekki fela í sér aðgerðir sem grafa undan þeim grundvallargildum sem þarf að verja eða þeirri ábyrgð sem er kjarni lýðræðisskipulagsins.

Staða öryggismála og alþjóðasamskipti eru gjörbreytt í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu í febrúar 2022. Spenna í samskiptum NATO - ríkja og Rússlands fer vaxandi. Rússar hafa sett Ísland á lista óvinveittra ríkja.

Lýðræði og mannréttindum er sífellt ögrað um allan heim með margvíslegum aðferðum, sem sérstaklega er ætlað að skapa glundroða og óstöðugleika í samfélögum ásamt því að grafa undan trausti og lýðræðislegum ferlum.

Markmið upplýsingaóreiðu sem stafar frá erlendum ríkjum er að dreifa röngum eða villandi upplýsingum og áróðri í þeim tilgangi að draga úr áfallapoli samfélagsins og lýðræðislegum styrk með því að ýta undir vantraust á stjórnvöld og stofnanir, hafa áhrif á úrslit kosninga og draga úr trausti almennings á stjórnkerfi, samfélagsgerðina og lýðræði.

Hröð tækniþróun, einkum í net- og upplýsingatækni, hefur leitt til margvíslegra framfara en um leið nýrra áskorana. Tækifærin sem felast í tækniþreitingum okkar tíma þarf að nýta af ábyrgð og tryggja að þær verði til þess að styrkja þau grunnildi sem liggja þjóðaröryggisstefnunni til grundvallar og endurspeglast í stjórnarskránni. Á hinn bóginn getur andvaraleysi á þessu sviði grafið undan lýðræðislegu stjórnarfar og grunnildum á kostnað mannréttinda og lýðræðis. Þannig hefur hnattvæðing og hröð tækniþróun gjörbreytt stöðunni á alþjóðavettvangi.

Í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra um fjölþáttaógnir, sem kom út í maí 2023, er umfjöllun um aðferðir sem beitt er, þ.m.t. undirróður og upplýsingafölsun. Þar kemur m.a. fram að í skýrslum frá norrænum leyniþjónustum segi að rússnesk stjórnvöld leitist við að hafa bein áhrif á stjórnmalamenn og -samtök og aðra þá sem koma að pólitískum ákvörðunum. Í því skyni að dylja þátt rússneskra stjórnvalda sé gjarnan stuðst við milligöngumenn, sem ekki er vitað að tengist beint rússneskum stjórnvöldum. Erlend stjórnvöld og hópar þeim hliðhollir geti nýtt tölvutækni og náð til gríðarlegs fjölda fólks og miðlað lygum, áróðri og tilbúningi. Með notkun sérhannaðra algóritma (e. algorithms) sé unnt að miðla „fölskum fréttum“, áróðri, lygum og undirróðri til milljóna manna, t.a.m. í tilteknu landi eða á tilteknu svæði. Þetta sé að sönnu mikil breyting og tækifærin til slíkrar miðlunar í raun óendanleg.

Þá kemur fram í framangreindri skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra að í Rússlandi séu sérstakar deildir innan öryggis- og leyniþjónustustofnana sem fáist einvörðungu við gerð falskra frásagna og sálfræðihernað. Frá því að innrásin í Úkraínu hófst hafi Rússar með virkum hætti m.a. í gegnum sendráð sitt á Íslandi komið fram áróðri, fölskum upplýsingum og illa dulbúnum hótunum í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum. Umfangsmikill áróður rússneskra stjórnvalda hafi hlotið nokkurn hljómgrunn innan Evrópu og ýmsir fréttamiðlar birt greinar og skoðanir þar sem tekið er undir málstað og falsfréttir sem ættaðar eru frá framangreindum stofnunum og nettröllaverksmiðjum.

Í matskýrslu þjóðaröryggisráðs um ástand og horfur í þjóðaröryggismálum (desember 2022) er vakin athygli á umfjöllun í nýrri grunnstefnu NATO um að Rússland leitist við að koma á fót áhrifasvæði og beinni stjórn með þvingunum, undirróðursstarfsemi, árásarógn og innlimunum. Rússland hiki ekki við að beita valdi til þess að ná fram pólitískum markmiðum sem grafi undan regluverki alþjóðasamskipta og lýðræðislegum gildum. Í skýrslunni er enn fremur fjallað um ógnir sem felast í samhafðum og samstilltum aðgerðum óvinveittra ríkja eða aðila þeim tengdum, til þess að nýta sér kerfislæga veikleika ríkja. Til þeirra teljast t.d. netárásir, upplýsingaóreiða, falsfréttir og íhlutun í innanríkismál annars ríkis.

Tilgangurinn er að hafa áhrif á ákvarðanatöku yfirvalda með aðgerðum, sem grafa undan eða skaða viðkomandi ríki eða stofnanir þess. Þessar aðgerðir geta verið margháttaðar og settar fram á þann veg að auðvelt sé að neita sök og erfitt að draga aðila til ábyrgðar. Þá segir: „Virðing fyrir mannréttindum er óaðskiljanlegur þáttur þess að styrkja áfallapol samfélagsins á grundvelli lýðræðislegra gilda. Þótt styrkur lýðræðisríkja felist m.a. í tjáningarfrelsi og opinni upplýstri samfélagsumræðu og vernd mannréttinda er kerfisbundin miðlun rangra og villandi upplýsinga og ólögmet notkun persónuupplýsinga í því skyni talin vaxandi ógn. Upplýsingaóreiða er vissulega ekkert nýtt fyrirbæri, en hraðar tæknibreytingar hafa gert það að verkum að erfiðara hefur reynt að sporna við henni.